

Spurt og svarað um Mótareglur BSÍ

Hvert er hægt að leita þurfi ég útskýringar á einhverju tengdu mótareglunum ?

- Hægt er að leita til mótanefndar BSÍ til að fá útskýringar. Einnig er hægt að hafa samband við starfsmann BSÍ og mun hann þá koma skilaboðum áleiðis til mótanefndar.

Hvernig skrái ég mig í mót ?

- Allar skráningar í mót þurfa að fara í gegnum aðildarfélags leikmanns. (regla 3.1)

Ef ég er að spila með leikmanni úr öðru félagi, er nóg að félag þess leikmanns skrái mig líka ?

- Nei það er ekki nóg. Skráning verður að berast frá aðildarfélagi. Ef leikmaður í félagi X og leikmaður í félagi Y spila saman þá þurfa bæði félög að skrá sinn leikmann í mótið auk þess að tiltaka að hann spili með hinum leikmanninum í tvíliða/tvenndarleik.

Fá erlendir gestir stig á styrkleikalista BSÍ ?

- Nei erlendir gestir fá ekki stig á styrkleikalistann. Einungis leikmenn sem eru skráðir í aðildarfélag hér á landi geta fengið stig á styrkleikalistann.

Má erlendir gestur spila í hvað deild sem er ?

- Já. Það félag sem er að bjóða erlenda gestinum ræður, í samráði við leikmanninn, hvaða deild hentar honum best.

Getur erlendir leikmaður skráð sig í Úrvalsdeild með leikmanni sem er í 2.deild ?

- Já hann getur það.

Hefur mótsstjórn leyfi til að veita erlendum gestum eða íslenskum keppendum sem æfa erlendis röðun í mót?

- Raða skal eftir styrkleikalista BSÍ í þau mót sem eru á mótarað BSÍ. Jafnframt skal taka tillit til styrkleikalista BWF, þannig að ef keppandi/par er í sæti 200 eða ofar á styrkleikalista BWF þá skuli þeim raðað fyrst eftir Styrkleikalista BWF og síðan skal raða öðrum keppendum/pörum eftir styrkleikalista BSÍ.

Geta leikmenn spilað t.d í Úrvalsdeild í einliðaleik en 1.deild í tvíliðaleik og 2.deild í tvenndarleik ?

- Já, það fer allt eftir því hvar leikmenn eru staddir á styrkleikalistanum í hverri grein á síðast útgefna styrkleikalista.

Ef ég á að spila í 2.deild í tvíliðaleik samkvæmt stöðu minni á styrkleikalistanum en meðspilarinn minn er í Úrvalsdeild, í hvaða deild spilum við þá?

- Ef hinn aðilinn er í Úrvalsdeild þá verður hann að spila þar (má ekki lækka sig niður) og þurfið þið því að spila í Úrvalsdeild þó svo þú sért skráður í 2.deild
- Leikmenn þar sem annar er skráðu í 1.deild en hinn aðilinn í 2.deild geta þó ekki skráð sig í tvíliða- eða tvenndarleik saman í Úrvalsdeild.
- Til einföldunar má setja þetta upp í punktakerfi. Úrvalsdeild gefur 3 punkta, 1.deild 2 punkta og 2.deild 1 punkt. Samanlegt þarf 4 punkta til að þar megi hækka sig upp í Úrvalsdeild. Þá sjáum við að Úrvalsdeild + 2.deild = 4 punkta og mega spila í Úrvalsdeild en 1.deild + 2.deild = 3 punkta og mega ekki skrá sig í Úrvalsdeild.

Ef leikmaður er hvergi á listanum í t.d einliðaleik, má hann þá ráð í hvaða deild hann skráir sig ?

- Já ef leikmaður er ekki á styrkleikalistanum þá ræður hann (í samráði við þjálfara/félag) í hvað deild hann skráir sig. Aftur á móti þegar hann hefur tekið þátt í fyrsta mótinu þá er hann kominn inn á styrkleikalistann og gilda þá viðkomandi reglur fyrir leikmanninn í kjölfarið fyrir næsta mót.

Hvaða styrkleikalisti gildir ef það eru t.d tvö mót í röð á mótarröð fullorðinna ?

- Við röðun og drátt í mót skal nota styrkleikalistann sem er/var í gildi þegar skráningarfrestur í mótið rennur út.
- Bæði styrkleikalisti fullorðinna og styrkleikalisti unglinga kemur út daginn eftir að mót klárast (á mánudegi).

Ef ég er efst/ur á styrkleikalistanum í 1.deild í lok tímabils – hlýt ég þá titilinn Bikarmeistari?

- Nei, einungis þeir leikmenn sem eru efstir í Úrvalsdeild í lok hvers tímabils.

Við röðun í mót – eiga ekki tveir sterkustu frá hverju félagi að fara á sitthvorn vænginn?

- Nei, einungis skal ákveða hverjir fá röðun út frá styrkleikalistanum og síðan draga óháð öllu öðru.

Er keppni fyrir Öðlinga-, Æðsta- og Heiðursflokki hætt á Meistaramóti Íslands?

- Já, ákveðið hefur verið að halda sér Íslandsmót fyrir þessa flokka með von um góð þátttöku. Er því nú keppt á Íslandsmóti öldunga og er keppt í eftirfarandi flokkum :
 - 35 + , 45+ , 55+ og 65+ .

Ef ég fæ gefinn leik, hvort sem er áður en mót hefst eða eftir það er hafið, telst hann þá sem unninn leikur ?

- Já, sé leikur gefinn eftir að búið er að draga í mót telst það sem unninn leikur.